

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 26. janúar 1999

varðandi beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 109)

(1999/103/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/232/EBE⁽²⁾, einkum 2. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Um núverandi tengsl milli landsskrifstofa alþjóðlegra bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum og í Noregi, Sviss, Ungverjalandi, Tékklandi, Slóvakíu, Íslandi og Slóveníu, í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE („landsskrifstofur“), sem sameiginlega kveða á um hagkvæmar leiðir til að fella niður tryggingaefirlit með ökutækjum sem allajafna eru staðsett á yfirráðasvæðum þessara 19 landa, gilda eftirfarandi samningar, til viðbótar samræmda samningnum milli landsskrifstofa frá 2. september 1951 varðandi fyrirkomulag á notkun græna skirteinisins (viðbótarsamningar), sem voru gerðir:

- hinn 12. desember 1973 milli landsskrifstofa hinna níu aðildarríkja og landsskrifstofa Austurríkis, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar og Sviss og útvíkkun þess samnings 15. mars 1986 þannig að hann taki einnig til landsskrifstofanna í Portúgal og á Spáni og hinn 9. október 1987 til landsskrifstofunnar í Grikklandi,
- hinn 22. apríl 1974 milli hinna 14 upphaflegu undirritunaraðila að viðbótarsamningnum frá 12. desember 1973 og landsskrifstofunnar í Ungverjalandi,
- hinn 22. apríl 1974 milli hinna 14 upphaflegu undirritunaraðila að viðbótarsamningnum frá 12. desember 1973 og landsskrifstofunnar í Tékkóslóvakíu,

— hinn 14. mars 1986 milli landsskrifstofunnar í Grikklandi og landsskrifstofanna í Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi.

Framkvæmdastjórnin samþykkti þar næst ákvarðanir 74/166/EBE⁽³⁾ og 74/167/EBE⁽⁴⁾ frá 6. febrúar 1974, 75/23/EBE⁽⁵⁾ frá 13. desember 1974, 86/218/EBE⁽⁶⁾, 86/219/EBE⁽⁷⁾ og 86/220/EBE⁽⁸⁾ frá 16. maí 1986 og 88/367/EBE⁽⁹⁾, 88/368/EBE⁽¹⁰⁾ og 88/369/EBE⁽¹¹⁾ frá 18. maí 1988 um beitingu á tilskipun 72/166/EBE þar sem hverju aðildarríki er gert að hætta eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sem allajafna eru staðsett á evrópsku yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða á yfirráðasvæðum Ungverjalands, Tékkóslóvakíu, Svíþjóðar, Finnlands, Noregs, Austurríkis og Sviss og viðbótarsamningarnir taka til.

Landsskrifstofurnar hafa endurskoðað og sameinað texta viðbótarsamninganna og látið einn samning koma í þeirra stað („marghliða ábyrgðarsamninginn“) sem var gerður hinn 15. mars 1991 í samræmi við meginreglurnar í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 72/166/EBE.

Framkvæmdastjórnin samþykkti þar næst ákvörðun 91/323/EBE⁽¹²⁾ frá 30. maí 1991 um ógildingu viðbótarsamninganna þar sem aðildarríkjunum er gert að hætta eftirliti með ábyrgðartryggingum ökutækja sem eru allajafna staðsett á evrópsku yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða á yfirráðasvæðum Ungverjalands, Tékkóslóvakíu, Svíþjóðar, Finnlands, Noregs, Austurríkis og Sviss, sem voru sameinaðir í marghliða ábyrgðarsamningnum frá 1. júní 1991.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 33, 6.2.1999, bls. 25, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/1999 frá 30. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjtið. EB L 103, 2. 5. 1972, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 129, 19. 5. 1990, bls. 35.

(³) Stjtið. EB L 87, 30. 3. 1974, bls. 13.

(⁴) Stjtið. EB L 87, 30. 3. 1974, bls. 14.

(⁵) Stjtið. EB L 6, 10. 1. 1975, bls. 33.

(⁶) Stjtið. EB L 153, 7. 6. 1986, bls. 52.

(⁷) Stjtið. EB L 153, 7. 6. 1986, bls. 53.

(⁸) Stjtið. EB L 153, 7. 6. 1986, bls. 54.

(⁹) Stjtið. EB L 181, 12. 7. 1988, bls. 45.

(¹⁰) Stjtið. EB L 181, 12. 7. 1988, bls. 46.

(¹¹) Stjtið. EB L 181, 12. 7. 1988, bls. 47.

(¹²) Stjtið. EB L 177, 5. 7. 1991, bls. 25.

Framkvæmdastjórnin samþykkti ákvörðun 93/43/EBE ⁽¹³⁾ þar sem aðildarríkjunum er gert, frá og með 1. janúar 1993, að hætta eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sem eru allajafna staðsett á yfirráðasvæði Íslands og falla undir marghliða ábyrgðarsamninginn milli landsskrifstofa frá 15. mars 1991.

Landsskrifstofurnar breyttu marghliða ábyrgðarsamningnum á grundvelli viðbótarinnar frá 17. september 1993, þannig að hann nái yfir Tékkland og Slóvakíu.

Framkvæmdastjórnin samþykkti þar næst ákvörðun 97/828/EB ⁽¹⁴⁾ frá 27. október 1997 en samkvæmt henni var marghliða ábyrgðarsamningurinn útvíkkaður þannig að hann taki til Slóveníu frá og með 1. nóvember 1997.

Króatía undirritaði marghliða ábyrgðarsamninginn hinn 17. september 1998.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Frá og með 1. febrúar 1999 skal hvert aðildarríki um sig hætta eftirliti með ábyrgðartryggingum ökutækja sem eru allajafna staðsett á yfirráðasvæði Króatíu og falla undir

marghliða ábyrgðarsamninginn milli landsskrifstofa frá 15. mars 1991.

2. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem eru gerðar vegna beitingar þessarar ákvörðunar.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. janúar 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 16, 25. 1. 1993, bls. 51.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 343, 13. 12. 1997, bls. 25.